

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2015

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2015 skipuðu:

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúi KÍ
- Haraldur Gíslason, fulltrúi KÍ
- Kristín Hreinsdóttir, fulltrúi SÍS
- Sigríður Huld Jónsdóttir, fulltrúi FÍF

Nefndin hélt þrjá fundi á árinu:

- 26. janúar (nefndarfundur)
- 30. mars (nefndar- og úthlutunarfundur)
- 22. apríl (nefndarfundur)

Starfsemi

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna að hækka auglýstan hámarksstyrk til sjóðsins úr 1,5 m.kr. í 1,75 m.kr. fyrir árið 2015. Ákveðið var að forgangsatríði sjóðsins fyrir árið 2015 væri efni sem stuðlaði að aukinni almennri hæfni í stærðfræði og tölfræði og tengdi þessi fög við daglegt líf.

Sjóðnum bárust alls 124 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls tæplega 164 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um fullan styrk, eða 1,75 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam um 1,3 m.kr.

48 umsóknir (39%) féllu undir forgangsatríði ársins og fjölluðu um stærðfræði og/eða tölfræði og 74 umsóknir (59%) féllu undir önnur áhersluatriði. 2 umsóknir (2%) voru ógildar.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 44 karla (35%), 52 konur (42%) og 28 fyrirtæki/stofnanir (23%). Meðumsækjendur voru alls 87 talsins; 28 karlar (32%), 57 konur (66%) og 2 fyrirtæki/stofnanir (2%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem ákvað úthlutun ársins.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 35 verkefna fyrir árið 2015 fyrir alls 48,3 m.kr. Þetta voru 7 karlar (20%), 18 konur (51%) og 10 fyrirtæki/stofnanir (29%)¹. Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkuppþæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Vegna mannlegra mistaka við úrvinnslu niðurstaðna stjórnarinnar var tölvupóstur með jákvæðu svarbréfi sendur út til allra umsækjenda. Rannís brást strax við mistökunum og sendi út leiðréttingu og afsökunarbeiðni til allra hlutaðeigandi aðila. Engir eftirmálar urðu af þessari atburðarás.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Anna Margrét Ólafsdóttir	<i>Paxel 123</i>	1.225.000
Arnar Elísson	<i>Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla</i>	1.440.000
Auður Magnús Auðardóttir	<i>Hinsegin handbook</i>	1.690.000
Ármann Halldórsson	<i>Appland – rafræn útgáfa Klapplands</i>	1.700.000
Áslaug Thorlacius	<i>Stærðfræði fyrir listnámsbraut</i>	1.750.000
Barnaheill – Save the Children á Íslandi	<i>Vínátta (Fri for Mobberi)</i>	1.500.000
Benedikt Steinar Magnússon	<i>Forritun í Scratch</i>	1.110.000
Bjartey Sigurðardóttir	<i>Orðagull – Smáforrit fyrir spjaldtölvur</i>	1.500.000
Bryndís Guðmundsdóttir	<i>Grunnhugtök Hoppa, stærðir og rökhugsun</i>	1.750.000
Emil Hjörvar Petersen	<i>Kynstur af mynstrum: Stærðfræði, vísindi og tækni í hinum íslamska heimi</i>	1.750.000
Eyrún Ísfold Gísladóttir	<i>Hljóðasmiðja Lubba</i>	1.750.000
Fjóla Dögg Sverrisdóttir	<i>Verkvit – Verkefnastjórnun fyrir unglunga</i>	1.750.000
Forlagið ehf.	<i>Saga læknisfræðinnar</i>	1.500.000
Forlagið ehf.	<i>Hvað eru jökklar? Ísköld bók um brennandi spurningar</i>	1.200.000

¹ Þeir aðilar sem fengu fleiri en einn styrk í þessari úthlutunarlötu eru taldir sem því nemur, þ.e. litið var til aðalumsækjanda hvorrar umsóknar fyrir sig. Aðili sem hlýtur styrki fyrir tvö verkefni er því talinn tvisvar o.s.frv.

Guðjón Torfi Sigurðsson	<i>Ævintýri í Raspberry Pi</i>	1.000.000
Guðný Þorsteinsdóttir	<i>Dýrin í tölum</i>	860.000
Guðný Þorsteinsdóttir	<i>Galdrabúðin</i>	1.060.000
Guðný Þorsteinsdóttir	<i>Svona er lífið</i>	1.620.000
Guðrún Hafdís Eiríksdóttir	<i>Hagnýt stærðfræði</i>	1.620.000
Guðrún Hólmgeirsdóttir	<i>Frumtextar í heimspeki II</i>	1.552.000
Iðnmennt ses	<i>Hársnyrting – verkefnabók</i>	600.000
Iðnmennt ses	<i>Hjúkrun aldraðra</i>	1.100.000
Iðnmennt ses	<i>Kennslubók í bakaraiðn</i>	1.500.000
Iðnmennt ses	<i>Rennismíði 1 – REN1</i>	1.500.000
Iðnmennt ses	<i>Hagnýt stærðfræði fyrir matvælagreinar – IÐM22 og STÆ222</i>	1.200.000
Ívar Rafn Jónsson	<i>Glímt við geðklofa</i>	871.000
Jóna Guðbjörg Torfadóttir	<i>Flísar</i>	1.000.000
Katrín Magnúsdóttir	<i>Skólar á grænni grein og grunnþættir aðalnámskrár</i>	1.750.000
Kristján Bjarni Halldórsson	<i>Vogarafl stærðfræðinnar</i>	1.750.000
Ókólnir ehf.	<i>smasaga.is</i>	1.500.000
Rannveig Magnúsdóttir	<i>Verkefnahefti í vistheimt fyrir grunnskólanemendur</i>	1.750.000
Salvör Gissurardóttir	<i>Verkefnahefti í Scratch (stærðfræðitengd verkefni)</i>	550.000
Skema	<i>Róbótar og stærðfræði</i>	1.750.000
Sólveig Zophoníasdóttir	<i>Hugleikur samræður til náms: Handbók fyrir kennari</i>	700.000
Védís Grönvold	<i>Nám og hreyfing</i>	1.500.000
		48.348.000

Umsýslu sjóðsins önnuðust Helga Rún Viktorsdóttir og Andrés Pétursson, starfsmenn Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraedi, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 21. júlí 2016

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís